

VII. KAFLI  
Refsiákvæði o. fl.

169  
16. sept.

39. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að 1000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem bæjarverkfræðingur hefur fyrirskipað, skv. reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er honum þá heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Viðauki.

Bæjarstjórn getur með sérstakri samþykkt falið byggingarfulltrúa eftirlitsstörf þau, sem falin eru bæjarverkfræðingi í reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með skv. lögum nr. 42 11. júlí 1911, sbr. X. kafla laga nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem eiga hlut að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

AUGLÝSING

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum á Akranesi.

170  
22. sept.

Samkvæmt heimild í reglugerð nr. 165 21. júlí 1952 um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum hefur ráðuneytið ákveðið, að frá og með 1. nóvember n. k. skuli skylt að hafa gjaldmæli í öllum leigubifreiðum á Akranesi, allt að 7 manna, sem aka fólk gegn borgun.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að eingöngu skuli notaðir gjaldmælar frá Halda A. B., í Halmstad í Svíþjóð (Haldataxameter) og hefur ráðuneytið falið Bifreiðastjórafélaginu Framu, Reykjavík, að annast útvegum á nægilegum fjölda gjaldmæla.

*Samgöngumálaráðuneytið 22. september 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*